

Heimsóknareglur á Silfurtúni

Þar til búið er að bólusetja starfsmenn heimilsins er mælt til þess að heimsóknargestir séu eingöngu í heimsókn inni á herbergjum íbúa, en ekki í sameiginlegum rýmum heimilisins eins og áður.

Áfram er ein heimsókn heimil á dag og tilkynna skal komu sína eins og áður.

- ❖ **Það er heimilt að 1-2 gestir komi í heimsókn** til hvers íbúa í einu, en einungis ein heimsókn á dag.
- ❖ Börn undir 18 ára hafa leyfi til að koma í heimsókn, **en þá teljast þau annar af þessum tveimur gestum.**
- ❖ Munið að spritta hendur við komu og áður en þið yfirgefið heimilið.
- ❖ Vinsamlega farið inn um garðdyrnar hjá hverjum og einum íbúa, ekki er heimilt að koma inn í sameiginleg rými heimilisins. Mikilvægt er að láta vita af sér áður en komið er í heimsókn.
- ❖ Virðið 2ja metra regluna og forðist snertingu við íbúa. Þetta á líka við um þá sem mögulega hafa verið bólusettir sjálfir eða veikst. Skyld er að bera grímu ef ekki er hægt að við halda 2ja metra fjarlægð.
- ❖ Íbúa er nú heimilt er að fara í bíltúr með heimsóknargesti sínum, en mikilvægt er að gæta sérstaklega að sóttvörnum bæði í bíltúrnum og þegar íbúinn kemur til baka inn á heimilið, þar sem hver sem er getur borið með sér smit þó að viðkomandi hafi verið bólusettur. Heimsóknargestur þarf að vera með andlitsgrímu (maska) allan tímann þar sem ekki er hægt að við halda 2ja metra reglunni. Óheimilt er að nota taugrímu.
- ❖ **Undanþága frá heimsóknarreglum er aðeins veitt við mikil veikindi íbúa og þarf leyfi frá yfirmanni.**

Vinsamlega EKKI koma inn á Silfurtúni ef:

- Þú ert í sóttkví eða einangrun.
- Þú bíður eftir niðurstöðu úr sýnatöku.
- Þú ert með flensulík einkenni (kvef, hósta, hita, höfuðverk, beinverki, þreytu, kviðverki, niðurgang o.fl.).
- Þú varst erlendis fyrir minna en 14 dögum.

Rafræn samskipti

- ❖ Njótið rafrænna samskipta. Það er ekkert því til fyrirstöðu að nýta sér tæknina og njóta samveru stundar með þeim hætti.
- ❖ Einnig getur sá sem kemur í heimsókn tengst öðrum ættingjum á meðan heimsókn stendur yfir. Þannig er hægt að skapa skemmtilega samverustund með fleirum en heimsóknargestunum sem koma í heimsókn.